

Þriðjudaginn 26. júní 1990.

Nr. 240/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Þorvaldi A. Ásgeirssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasviping ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júní sl. samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af ástæðum, sem greindar eru í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 7. júní 1990.

Kærði í máli þessu kom fyrir dóminn þann 5. júní sl. og krafðist þess, að bráðabirgðasviping ökuréttinda hans yrði felld úr gildi, sem ákveðin var hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík þann 12. maí sl.

Kröfu um niðurfellingu byggir kærði á því í fyrsta lagi, að hann vilji nú mótmæla alfarið (sic) þeim hraða, sem hann var sagður á. Telji þeir aðilar, sem hafi verið farþegar í bifreiðinni, að óhugsandi sé, að bifreiðinni hafi verið ekið mikið umfram 90 km hraða á klst.

Það, að ökumanni hafi ekki verið gefinn kostur á að sjá radarmælinguna, gefi tilefni til að rengja þá tölu, sem hafi verið gefin upp af lögreglu-mönnum, og að sú háttsemi að neita þeim (sic) um að sjá radarmælinguna sé með öllu óskiljanleg, þar sem talan hafi átt að vera læst inni í radarnum.

Í öðru lagi er krafa kærða byggð á því, að með hliðsjón af uppkveðnum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu á sl. ári og dómi Hæstaréttar Íslands

í því framhaldi, að (sic) varðstjóri hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík geti ekki úrskurðað sviptingu í þeim málum, sem undirmenn hans komi með og leggi inn á borð hans. Slíkt brjóti gjörsamlega í bága við þá grundvallarhugsun, sem búi að baki nefndum dómum.

Niðurstöður.

Samkvæmt skýrslum lögreglumanna og ljósriti úr dagbók ratsjarmælinga lögreglunnar í Reykjavík, dagsettu laugardaginn 12. maí 1990, kemur fram, að mældur hafi verið hraði bifreiðarinnar R-50026, er hún ók austur Hringbraut að Njarðargötu, þannig að bifreiðin hafi farið með 126 km hraða á klst., þar sem hámarkshraði sé 50 km á klst.

Í 103. gr. laga nr. 50/1987 kemur fram, að lögreglustjóri hefur heimild til að svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða, ef lögreglustjóri telur skilyrði vera fyrir hendi.

Samkvæmt því, sem næst verður komist, hefur verið notuð sú viðmiðunarregla að bráðabirgðasvipta (sic) ökumenn ökuréttindum, ef þeir eru komnir 51 km á klst. eða meira umfram lögleyfðan hámarkshraða.

Verður því að telja, að ákvæði 103. gr. laga nr. 50/1987 hafi átt við í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, og að ekki skipti máli þar um, hvort lögreglumennirnir hafi sýnt ökumanni töluna, sem mæld var í radarnum, eða ekki.

Eins og áður kom fram, er það lögreglustjóra að meta, hvort skilyrði til sviptingar ökuréttinda til bráðabirgða séu uppfyllt. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum miðvikudaginn 21. september 1988, er lögreglustjóra heimilt að framselja vald sitt til yfirmanna lögreglu, svo sem aðalvarðstjóra.

Þar sem aðalvarðstjóri sá um framkvæmd þessarar tilteknu bráðabirgðasviptingar, verður eigi séð neitt athugavert við það.

Einnig er mælt fyrir um í 103. gr. laga nr. 50/1987, að bráðabirgðasviptingu ökuréttinda megi bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og að lögreglustjóri skuli leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt.

Verður að telja, að hagsmuna ökumanna sé nægjanlega gætt með þessu ákvæði, og ekki verður séð, að þeir dómar, sem að undanförunu hafa gengið í Hæstarétti, hafi áhrif á meðferð mála samkvæmt 103. gr. laga nr. 50/1987.

Með vísan til þessa eru engin rök til þess að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Þorvalds A. Ásgeirssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl.

Réttargæsluþóknun verður ekki ákveðin í máli þessu, enda hefur lögmaður kærða tekið að sér réttargæslustörf fyrir hann án skipunar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Þorvalds A. Ásgeirssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl. skal standa óhögguð.
